

## Fundur stjórnar FUM

12.12.2023 kl. 10:00 – 11:30 á ZOOM.

Mætt: Anna Magnea Hreinsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Jóhann Örn Sigurjónsson, Sigríður Margrét Sigurðardóttir, Svava Björg Mörk og Tryggvi Thayer.

1. Heimasíðan – Tryggvi er að leggja lokahönd á hana
  - Umræður hvort það sé til netfang [fum@fum.is](mailto:fum@fum.is) og ef ekki að þá fá netfang til þess að setja inn á heimasíðuna.
  - Það þarf að loka á gömlu síðurnar (gömlu heimasíðuna), Tryggvi ætlar að gera.
  - Tryggvi færði allt sem hann taldi skipta máli yfir á nýju síðuna.
  - Skráning stjórnar á heimasíðu, hlutverk þeirra og varamenn.
  - ATH hvernig heimasíðan birtist í síma og sumt virkar ekki í síma.
  - Tillaga um að hafa vinnufund 24. janúar frá kl 13-15.
2. Fjárhagsstaðan – Jóhann Örn kynnir
  - 1.5 milljónir voru inni á reikningi þegar ný stjórn tók við.
  - Félagagjöld voru send út í lok september og 221 félagi hefur greitt félagsgjöld og líkalega rúmlega 600.000 kr. komu inn þannig að staðan er 2.1 miljón núna.
  - Ættum að auglýsa félagið fyrir nýju fólki þar sem félagar eru að eldast og félagið virðist vera svolítið ósýnilegt.
  - Rætt um mikilvægi þess að gera félagið sýnilegt t.d. með því að auglýsa greinar úr TUM.
  - Tengsl rannsókna og vettvangs ætti að vera okkar markmið.
3. Ráðstefna – Hugmynd um foreldrasamstarf post COVID í samstarfi við nokkra aðila, þar á meðal foreldrafræðslu námslínuna innan HI.
  - Það þarf að undirbúa hóp til þess að halda ráðstefnuna
    - Halldóra og Sigríður Margrét frá okkur, fulltrúar frá Heimili og skóla og fulltrúar frá Samtökum áhugafólks um skólaþróun.
4. Önnur mál
  - Ráðstefna sem við myndum sjálf standa fyrir.
    - Ákveðið var að bíða með það þar sem það er margt á döfinni.
  - PISA
    - Eigum við að taka þátt í samtalinu? Hvernig er best að fara inn í umræðuna? Verðum að vera mjög skýr, hvort við erum að ræða um PISA eða hvort við ætlum að nálgast málið viðbrögðum sem koma eftir á.
    - Það væri gott ef það væri hægt að tengja foreldrasamstarfið þarna inn.
    - Fundaröð sem verður í kringum PISA, gætum verið með álit þarna á vorönn
      - Náttúruvísindi hefur verið rannsakað á Íslandi og skrifað um þetta málefni á íslensku. Spurning hvort að við getum verið með eitthvað í lokin.
  - Verðum að vera vakandi yfir samráðsgáttinni og koma með álit þegar þörf krefur.
  - Frú Vígðís Finnbogadóttir var ein af þeim fyrstu til að greiða félagsgjöldin
    - Umræður um hvernig við gætum heiðrað hana og sú hugmynd kom hvort við gætum verið með viðburð í Vígðísarhúsi, þar er þægileg stærð á sal.
  - Aðalfundur vikuna 18.-22. mars, gætum verið með afmælisfund og heiðrað félag frá stofnfundi. Þjóða þeim að rifja upp söguna.
    - Líta aftur á bak og framá við.
    - Hverskonar rit vill fólk lesa.

Fleira ekki gert.